



# Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017



RÍKISENDURSKOÐUN

Ágúst 2018

# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	2
2	Niðurstöður og ábendingar .....	3
3	Viðbrögð við athugasemdum .....	4
4	Fjárveitingar og rekstur .....	5
4.1	Fjárveitingar .....	5
4.2	Rekstraráætlun.....	5
4.3	Niðurstaða.....	6
5	Innra eftirlit.....	7
5.1	Inngangur .....	7
5.2	Umfjöllun .....	7
5.3	Niðurstaða.....	7
6	Fylgni við lög og reglur.....	9
6.1	Inngangur .....	9
6.1.1	Ferðakostnaður.....	9
6.1.2	Risna.....	9
6.1.3	Opinber innkaup .....	9
6.1.4	Innkaupakort.....	9
6.1.5	Láns- og reikningsviðskipti .....	9
6.1.6	Styrkir.....	9
6.1.7	Virðisaukaskattur og endurgreiðslur .....	9
6.2	Niðurstaða.....	10
7	Endurskoðun rekstrarliða .....	11
7.1	Sértekjur.....	11
7.2	Launagjöld.....	12
7.3	Önnur rekstrargjöld.....	12
7.4	Niðurstöður .....	12
8	Endurskoðun efnahagsliða .....	13
8.1	Eignir .....	13
8.1.1	Áhöld og búnaður .....	13
8.1.2	Birgðir.....	13
8.1.3	Viðskiptakröfur .....	14
8.1.4	Tengdir aðilar - ríkissjóður .....	14
8.1.5	Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	14
8.1.6	Vörslufé.....	14
8.1.7	Handbært fé.....	15
8.2	Eigið fé og skuldir .....	15
8.2.1	Höfuðstóll .....	15
8.2.2	Tengdir aðilar, Ríkisaðilar.....	15
8.2.3	Viðskiptaskuldir.....	15
8.2.4	Ýmsar skammtímaskuldir.....	15
8.2.5	Vörslufé.....	15
8.2.6	Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda .....	16
8.3	Niðurstöður .....	16
9	Önnur atriði .....	17
9.1	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	17
9.2	Lögfræðibréf .....	17
9.3	Óhæðisyfirlýsing.....	17
9.4	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	17

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun hjá Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni fyrir árið 2017.

Endurskoðunin byggir á bókhaldi Landsbókasafns og þeim niðurstöðum sem liggja fyrir við skoðun fyrir árið 2017. Endurskoðunin beindist að þessu sinni að því að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar fyrirliggjandi upplýsingar.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að vegna tafa við innleiðingu á lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál og þar með gerð stofnefnahagsreikninga hefur Fjársýsla ríkisins ekki lokið við gerð ársreiknings Landsbókasafns. Því tekur endurskoðunin mið af því að ekki er fyrirliggjandi ársreikningur. Stjórnendur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, sem eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila Landsbókasafns og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna, telja reikningsskilum lokið af sinni hálfu.

Ársreikningur Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns var síðast endurskoðaður árið 2012 vegna ársins 2011.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun hjá Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni fyrir árið 2017 er lokið, með fyrirvara um viðbótarskoðun ef niðurstaða breytist frá fyrirliggjandi stöðu í bókhaldi Landsbókasafns í júlí 2018 þegar endurskoðun fór fram .

Eftirfarandi ábendingum er komið á framfæri vegna endurskoðunar ársins 2017.

### 1. Fjárveitingar og rekstur

Tekjuafgangur varð af starfsemi ársins 2017 sem kemur til hækkunar á uppsöfnuðum tekjuafgangi fyrri ára. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins og frávikagreining er yfirfarin reglulega. Við skoðun fjárveitinga kom í ljós að innbyrðis ósamræmi er í flokkun annarra rekstrarútgjalda og er óskað eftir að flokkun verði skoðuð betur og sérstaklega fjárveitingar vegna útgjalda sem flokkaðar eru sem tilfærslur.

### 2. Innra eftirlit

Eftirlitsumhverfi er almennt í lagi en ítrekaðar eru fyrri ábendingar um umbætur sem gera þarf á innra eftirlitsumhverfi Landsbókasafns. Bæta þarf innra eftirlit vegna innheimtu og skráningu sértekna. Taka þarf upp nýtt tekjuskráningarkerfi og tengja kassakerfi við fjárhagskerfið til að auka öryggi og rekjanleika tekjuskráningarinnar. Skoða þarf hvort ekki sé mögulegt að skilgreina ákveðna ábyrgðaraðila fyrir sjóðsuppgjörum. Þá þarf að skjalfesta helstu verkferla sem snúa að fjármálum og bókhaldi Landsbókasafns.

### 3. Fylgni við lög og reglur

Ekki verður annað séð en að Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta. Ríkisendurskoðun bendir þó á að við gerð samninga til lengri tíma en 90 daga þarf samþykki ráðuneytis en við skoðun kom í ljós að ekki er fyrirliggjandi formlegt samþykki frá ráðuneyti vegna rekstrarleigusamninga. Setja þarf innkaupastefnu fyrir Landsbókasafn og skjalfesta þær verklagsreglur sem gilda vegna innkaupa.

### 4. Rekstrarliðir

Almennt er ekki annað að sjá en að vel sé staðið að umsýslu varðandi rekstrarliði. Bæta þarf tekjuskráningu í fjárhagsbókhaldi þannig að kennitölur viðskiptamanna séu skráðar. Endurskoða þarf samþykktarferil rafrænna reikninga þannig að tryggt verði að rafrænt samþykki útgjalda liggja fyrir með aðgengilegum hætti í fjárhagsbókhaldi í samræmi við þær samþykktarreglur sem Landsbókasafn hefur sett sér.

## 3 Viðbrögð við athugasemdum

Eftirfarandi viðbrögð bárust Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni vegna ábendinga og athugasemda sem gerðar eru vegna endurskoðunar ársins 2017 í þessari skýrslu, sjá niðurstöður í kafla 2.

### 1. Fjárveitingar og rekstur

*Óskað eftir að flokkun annarra rekstrarútgjalda verði skoðuð betur, sérstaklega tilfærslur.* „Um er að ræða fjárveitingu vegna Landsaðgangs sem á sínum tíma var sett inn sem tilfærsla. Erindi hefur verið sent til MRN og beðið um að þessu verði breytt.“

### 2. Innra eftirlit

*Taka upp nýtt tekjuskráningarkerfi.* „Reikningar vegna tekna eru ekki lengur skráðir í Fjölni, heldur eru þeir nú gerðir hjá Fjárslunni beint í Orra skv. excelskjali sem fjármálastjóri sendir. Þetta nýja verklag var tekið upp um miðjan júlí s.l. og lofar góðu. Enn á eftir að fullmóta ferla í kringum þetta en það verður gert á næstunni. Fjölnir þarf þó að vera opinn áfram til þess að skrá innborganir vegna þegar útskrifaðra reikninga.“

*Tengja kassakerfið við fjárhagskerfið.* „Nú er unnið að því að leggja niður BárET og taka upp beintengingu úr kassakerfi við Oracle. Vinna er í gangi hjá Advania vegna þessa og er vonast til að þetta verði tilbúið í september n.k.“

*Að stuðlað verði að bættu innra eftirliti innan safnsins m.a. með útgáfu skriflegra lýsinga og verklagsreglna vegna fjármálastjórnunar safnsins.* „Stefnt er að því að verklagsreglur vegna fjármálastjórnunar verði skjalfestar fyrir árslok. Varðandi sjálft kassauppgjörið þá er það unnið næsta morgun af þeim starfsmanni sem er á vakt, um 3-4 starfsmenn er að ræða. Fagstjóri ber ábyrgð á uppgjörum.“

### 3. Fylgni við lög og reglur

*Formlegt samþykki ráðuneytis vegna rekstrarleigusamninga og samninga til lengri tíma en 90 daga.* „Þetta verður rætt við ráðuneytið og fundin lausn sem virkar.“

*Setja þarf innkaupastefnu fyrir safnið og skjalfesta verklagsreglur sem gilda vegna innkaupa.* „Stefnt er að því að innkaupastefna verði tilbúin fyrir árslok.“

### 4. Rekstrarliðir

*Bæta þarf tekjuskráningu í fjárhagsbókhaldi þannig að kennitölur viðskiptamanna séu skráðar.* „Þessu atriði er lokið, sjá athugasemd um tekjuskráningu hér fyrir ofan.“

*Endurskoða þarf samþykktarferil rafrænna reikninga.* „Stefnt er að því að samþykktarreglur vegna innkaupa og rafrænna reikninga verði tilbúnar í árslok.“

## 4 Fjárveitingar og rekstur

### 4.1 Fjárveitingar

Fjárveitingar samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. En fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjáraukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

Fjárveiting ársins 2017 til Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns nam 972,8 m.kr. eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2017. Til lækkunar kemur breyting vegna fjárfestingaframlags 20,1 m.kr. Launabætur námu 0,2 m.kr. Endanlegar fjárveitingar safnsins urðu því tæplega 952,9 m.kr. á árinu 2017.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2017 og rekstri árið 2016:

Í þús. kr.	Fjárveiting 2017	Rekstur 2017	Frávik 2017	Rekstur 2016
Sértekjur	-221.300	-235.021	13.721	-237.693
Launagjöld	616.300	602.477	13.823	568.279
Önnur rekstrargjöld	469.419	551.539	-82.119	565.891
Rekstrartilfærslur	88.500	228	88.272	31
<b>Samtals</b>	<b>952.919</b>	<b>919.222</b>	<b>33.698</b>	<b>896.508</b>

Helstu breytingar á rekstrarliðum frá fyrra ári er hækkun launagjalda um 34,2 m.kr. Stærstu frávik frá fjárveitingum eru í launagjöldum og sértekjum en sértekjur voru 13,7 m.kr. hærri en fjárveitingar gerðu ráð yfir og launagjöld voru um 13,8 m.kr. lægri en fjárveitingar gerðu ráð fyrir. Ríkisendurskoðun bendir á innbyrðis ósamræmi í flokkun annarra rekstrarútgjalda og rekstrartilfærslna sem þarf að skoða nánar.

Á árinu voru gerðar grundvallarbreytingar á reikningshaldslegri meðferð varanlegra rekstrarfjármuna og eignakaupa. Í stað þess að gjaldfæra keyptar eignir á kaupári eru þær nú eignfærðar og afskriftir gjaldfærðar. Meðtalið í afskriftum ársins eru jafnframt afskriftir eigna, sem áður hafa verið gjaldfærðar og var fjárfestingarframlag árið 2017 vegna þeirra jafnt afskriftum eða 6,3 m.kr. Fjárfestingarframlag var leiðrétt um 26,4 m.kr. en Landsbókasafn er með nokkuð af áhöldum og búnaði á rekstrarleigu og því ekki að nýta fjárfestingarframlagið sem því nemur.

### 4.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Rekstraráætlun Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns fyrir árið 2017 var skráð í

fjárhagskerfi ríkisins. Rekstraráætlanir eru yfirfarnar reglulega, bornar saman við rauntölur og skýringa leitað á frávikum.

### 4.3 Niðurstaða

Tekjuafgangur ársins 2017 bætist við á uppsafnaðan tekjuafgang fyrri ára. Uppsafnaður tekjuafgangur fyrir ára nam 29,6 m.kr. að meðtöldu bundnu eigin fé 9,0 m.kr. Í árslok nam uppsafnaður tekjuafgangur 63,3 m.kr. en hækkun frá fyrra ári skýrist af tekjuafgangi ársins 2017 33,7 m.kr. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins og yfirfarnar reglulega, bornar saman við rauntölur og skýringa leitað á frávikum. Við skoðun fjárveitinga kom í ljós að innbyrðis ósamræmi er í flokkun annarra rekstrarútgjalda og er óskað eftir að flokkun verði skoðuð betur og sérstaklega fjárveitingar vegna útgjalda sem flokkaðar eru sem tilfærslur.

## 5 Innra eftirlit

### 5.1 Inngangur

Landsbókavörður ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá Landsbókasafni. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

### 5.2 Umfjöllun

Við mat á eftirlitsumhverfi Landsbókasafns reyndist innra eftirlit almennt vera í lagi að frátöldu innra eftirliti með sértekjum. Landsbókasafn er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað fyrir vinnslu á bóhaldi og launaafgreiðslu. Vinnustund er notuð fyrir skráningu á viðveru og fjarvistum starfsmanna. Við innheimtu tekna er notað kassakerfi frá LS-Retail, BÁR-ET og reikningakerfið Fjölur. Bæði reikningakerfið Fjölur og BÁR-ET eru komin til ára sinna og öryggi þeirra því orðið mjög ábótavant auk þess sem rekjanleiki í kerfunum er takmarkaður. Uppgjör eru gerð daglega úr kassakerfi og þau svo handskráð í BÁR-ET og færð í fjárhagsbókhald mánaðarlega þegar skilagrein mánaðar er skilað til Fjársýslu ríkisins. Enginn einn starfsmaður er ábyrgur fyrir uppgjóri dagsins. Ríkisendurskoðun telur verulegan veiklega vera í innheimtu og skráningu tekna og nauðsynlegt að Landsbókasafn taki til alvarlegrar skoðunar að taka upp nýtt tekjuskráningarkerfi eins og t.d. AR-tekjuskráningarkerfi Orra. Þá þarf að tengja kassauppgjörskerfi við fjárhagskerfi til að auka öryggi gagna og koma með því á einfaldri rafrænni skráningu. Jafnframt telur Ríkisendurskoðun að skoða þurfi hvort ekki sé mögulegt að skilgreina ákveðna ábyrgðaraðila fyrir sjóðsuppgjörum.

Skipurit er til fyrir Landsbókasafn og ýmis stefnuskjöl, m.a. jafnlaunastefna en unnið hefur verið að jafnlaunavottun hjá Landsbókasafni. Innkaupastefna hefur ekki verið sett og skriflegar reglur eru ekki til staðar nema að mjög litlu leyti, m.a. hafa ekki verið settar verklagsreglur um samþykki útgjalda. Engu að síður er bókhald og fjármál unnin með skipulegum hætti hjá Landsbókasafni og frágangur skjala góður.

### 5.3 Niðurstaða

Eftirlitsumhverfi Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns er almennt í lagi að frátöldu innra eftirliti með tekjum. Innra eftirlit hefur lítið verið skjalfest. Endurskoðun á virkni innra eftirlits Landsbókasafns leiddi eftirfarandi í ljós:

- ✓ Að bæta þarf innra eftirlit vegna innheimtu og skráningu sértekna. Taka þarf upp nýtt tekjuskráningarkerfi og tengja kassakerfi við fjárhagsbókhald til að auka öryggi og



rekjanleika tekjuskráningarinnar. Skoða þarf hvort ekki sé mögulegt að skilgreina ákveðna ábyrgðaraðila fyrir sjóðsuppgjörum.

- ✓ Að setja þarf niður skriflegar lýsingar á helstu verkferlum sem lúta að fjármálum og bókhaldi Landsbókasafns. Sérstaklega er bent á mikilvægi þess að að skjalfestar verði reglur um innkaup og samþykki útgjalda.

## 6 Fylgni við lög og reglur

### 6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun er skoðað hvort rekstur Landsbókasafns hafi verið í samræmi við lög og reglur sem um safnið gilda varðandi fjárreiður og bókhald. Um fjárveitingar og rekstraráætlun er fjallað í kafla 4. Eftirfarandi liðir voru auk þess teknir til skoðunar vegna ársins 2017:

#### 6.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugunum á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og það á einnig við um uppgjör slíkra ferða. Ferðareikningi er skilað á eyðublaði sem Fjársýsla ríkisins hefur látið gera og fer uppgjör ferða eftir þeim útreikningi. Rannsóknaleyfi, sem eru hluti af kjörum félaga í Félagi háskólakennara, eru greidd í samræmi við úthlutanir sérstakrar nefndar á vegum Háskóla Íslands og tengdra stofnana.

#### 6.1.2 Risna

Landsbókavörður samþykkir risnureikninga. Tilefni risnu kemur fram á risnureikningum.

#### 6.1.3 Opinber innkaup

Innkaupastefna hefur ekki verið sett og verklagsreglur við innkaup hafa ekki verið skjalfestar. Vörur og þjónusta eru yfirleitt keypt eftir að leitað hefur verið tilboða og í samræmi við rammisamning við Ríkiskaup. Ríkisendurskoðun mælist til að Landsbókasafn setji fram innkaupastefnu og skjalfesti verklagsreglur við innkaup þar sem m.a. er tilgreint hverjir hafa heimild til innkaupa.

#### 6.1.4 Innkaupakort

Landsbókasafn nýtir innkaupakort við hin ýmsu innkaup og þá einkum við ritakaup í gegnum erlenda aðila.

#### 6.1.5 Láns- og reikningsviðskipti

Landsbókasafn er ekki með kaupleigu- eða fjármögnunarleigusamninga. Í gildi eru samningar vegna rekstrarleigu á tækjum og búnaði fyrir safnið. Ríkisendurskoðun bendir á að við gerð samninga til lengri tíma en 90 daga þarf samþykki ráðuneytis en við skoðun kom í ljós að ekki er fyrirbyggjandi formlegt samþykki frá ráðuneyti vegna rekstrarleigusamninga.

#### 6.1.6 Styrkir

Stofnunin veitti nánast enga almenna styrki samkvæmt rekstrarreikningi fyrir árið 2017. Á árinu 2017 voru tveir 100 þús. kr. styrkir veittir sem tengjast starfsemi Landsbókasafns.

#### 6.1.7 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og kóðun færslna reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færirst reglulega til eignar á viðskiptareikning Landsbókasafns við ríkissjóð.

## 6.2 Niðurstaða

Ekki verður annað séð en að Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta. Ríkisendurskoðun bendir á að við gerð samninga til lengri tíma en 90 daga þarf samþykki ráðuneytis en við skoðun kom í ljós að ekki er fyrirbyggjandi formlegt samþykki frá ráðuneyti. Setja þarf innkaupastefnu og skjalfesta þær verklagsreglur sem gilda við innkaupin.

## 7 Endurskoðun rekstrarliða

Niðurstaða rekstrar fyrir árið 2017 miðast við stöðu í júlí 2018 með fyrirvara um breytingar við lokafrágang uppgjors hjá Fjársýslu ríkisins. Samkvæmt yfirliti um rekstrarafkomu námu tekjur Landsbókasafns að frátöldu framlagi ríkissjóðs 234,9 m.kr. og gjöld að meðtöldum fjármagnsliðum námu 1.154,2 m.kr., sjá sundurliðun í neðangreindri töflu.

Í þús.kr.	2017	2016	Breyting
<b>Tekjur:</b>			
Sértekjur	234.940	236.743	-1.804
	234.940	236.743	-1.804
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	597.456	568.279	29.177
Orlofsskuldbinding	5.020	0	5.020
Aðkeypt þjónusta, ferðakostnaður og akstur	48.850	47.221	1.629
Vörukaup	74.996	82.203	-7.207
Afnotagjöld og rekstrarleiga búnaðar	275.953	300.607	-24.654
Húsaleiga og annar kostn. v/húsnæðis	143.240	130.278	12.961
Eignakaup, fyrningar	6.317	3.462	2.854
Tapaðar kröfur, fjármagnsliðir, tilfærslur	2.330	1.200	1.129
	1.154.162	1.133.251	20.910

### 7.1 Sértekjur

Tekjur Landsbókasafns eru einkum vegna landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum auk annarra tekna fyrir þá þjónustu sem safnið veitir. Við innheimtu þjónustutekna er sérstakt kassakerfi notað og eru uppgjör gerð daglega. Útgáfa reikninga er gerð í Fjölni reikningakerfi. Landsbókavörður setur gjaldskrá um gjaldtöku fyrir þjónustu sem Landsbókasafn veitir að fenginni umsögn stjórnar Landsbókasafns. Gjaldskrá var síðast samþykkt í lok árs 2015 og tók gildi 1. janúar 2016.

Tekjur ársins 2017 voru ívið lægri en á síðasta ári eða 234,9 m.kr. Þar af námu tekjur vegna landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum um 149,9 m.kr.

Sértekjur voru skoðaðar með greiningum auk þess sem farið var yfir ferla og úrtaksskoðanir gerðar á undirgögnum sem varðveitt eru hjá Landsbókasafni. Endurskoðun var án athugasemda. Engu að síður er bent á eins og fram hefur komið í kafla um innra eftirlit að mikilvægt er að úr skráningu tekna verði bætt með upptöku nýs tekjuskráningarkerfis og að kassakerfi verði beintengt Orra. Mikilvægt er að tekjureikningar og viðskiptakröfur séu skráðar á kennitölu í fjárhagsbókhaldi þar sem ekki er hægt að fá nægjanlegar upplýsingar úr Fjölni.

## 7.2 Launagjöld

Launagjöld voru endurskoðuð með fyrirspurnum, greiningum og úrtaksskoðun.

Ráðningarsamningar eru samþykktir af landsbókaverði. Starfsmenn skrá viðveru í kerfið Vinnustund. Farið er yfir tímaskráningu af sviðsstjórum og landsbókaverði þegar það á við en mannauðsstjóri fer yfir og staðfestir skráningu í launakerfi. Launagögn eru geymd með skipulegum hætti í starfsmannamöppu og skjalavistunarkerfi. Fjármálastjóri/sviðsstjóri rekstrarsviðs fer mánaðarlega yfir launaafgreiðslu og landsbókavörður staðfestir. Unnið hefur verið að jafnlaunavottun hjá Landsbókasafni og er stefnt á að vottun fái á þessu ári. Úrtaksskoðun sem gerð var á launum var án athugasemda.

Meðtalið í launagjöldum ársins 2017 eru afturvirkar hækkanir í kjarasamningum 2018 sem greiddar voru út 1. mars 2018.

## 7.3 Önnur rekstrargjöld

Fjármálastjóri/sviðsstjóri rekstrarsviðs samþykkir reikninga ásamt þeim sem koma að innkaupum. Landsbókavörður samþykkir ákveðna reikninga eins og t.d. risnu- og ferðareikninga. Rafrænir reikningar eru samþykktir af fjármálastjóra/sviðsstjóra rekstrarsviðs auk þess að reikningar eru prentaðir út og samþykktir af þeim sem koma að innkaupum en þeir reikningar eru varðveittir hjá Landsbókasafni. Ríkisendurskoðun telur það vera mun skilvirkara að safnið setji upp í samþykktarferil rafrænna reikninga þá starfsmenn sem koma eiga að samþykkt reikninga þannig að tryggt sé að samþykki útgjaldanna liggi fyrir í kerfinu frá þessum starfsmönnum og í samræmi við þá samþykktarreglur sem Landsbókasafn hefur sett sér.

## 7.4 Niðurstöður

Almennt er ekki annað að sjá en að vel sé staðið að umsýslu varðandi rekstrarliði. Engu að síður vill Ríkisendurskoðun benda á eftirfarandi atriði sem betur mega fara:

- ✓ Að tekjuskráning verði bætt í fjárhagsbókhalda þannig að tekjureikningar og viðskiptakröfur séu skráðar niður á kennitölur.
- ✓ Að samþykktarferill rafrænna reikninga verði endurskoðaður þannig að tryggt verði að rafrænt samþykki útgjalda sé fyrirliggjandi í fjárhagsbókhalda og í samræmi við þær samþykktarreglur sem Landsbókasafn hefur sett sér.

## 8 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt stöðu bókhalds í árslok 2017 þegar endurskoðun fór fram í júlí 2018 námu eignir 296,5 m.kr., skuldir námu 233,2 m.kr. og höfuðstóll nam 63,3 m.kr.

Í þús.kr.	31.12.2017	1.1.2017	Breyting
<b>Eignir:</b>			
Áhöld og búnaður	48.877	28.796	20.081
Birgðir	2.936	3.122	-186
Viðskiptakröfur	49.641	48.277	1.364
Tengdir aðilar, ríkissjóður	112.470	205	112.265
Aðrar kröfur og fyrirfram greiddur kostnaður	152	59	93
Vörslufé	52.731	50.457	2.274
Handbært fé	29.652	14.770	14.882
<b>Eignir alls</b>	<b>296.459</b>	<b>145.686</b>	<b>150.773</b>
<b>Eigið fé og skuldir:</b>			
Höfuðstóll	63.286	-21.041	84.327
Tengdir aðilar, ríkissjóður	23.267	19.708	3.559
Viðskiptaskuldir	49.228	17.136	32.092
Ýmsar skammtímaskuldir	59.070	50.629	8.440
Vörslufé	52.731	50.457	2.274
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	48.877	28.796	20.081
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>296.459</b>	<b>145.686</b>	<b>150.773</b>

### 8.1 Eignir

#### 8.1.1 Áhöld og búnaður

Eignfærsla varanlegra fastafjármuna er gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Yfirlit yfir áhöld og annan búnað var unnið hjá Fjársýslu ríkisins samkvæmt upplýsingum í eignakerfi fjárhagsbókhaldsins. Elstu skráðar eignir eru frá því fyrir 2000 og afskriftarhlutfall er á bilinu 0-33%. Ríkisendurskoðun hefur ekki staðfest tilvist eigna samkvæmt yfirlitinu en landsbókavörður samþykkti yfirlitið með áritun á stofnefnahagsreikning pr. 1. janúar 2017.

Árið 2017 var keyptur nýr búnaður fyrir 26,4 m.kr. sem kemur til hækkunar á eignum og afskriftir til lækkunar námu 6,3 m.kr.

#### 8.1.2 Birgðir

Birgðir í árslok námu 2,9 m.kr. og lækka um 186 þús. kr. frá síðasta ári. Um er að ræða birgðir vegna sölu á bókum og ritföngum. Stærstur hluti lagers er vegna bóka sem Landsbókasafn

Íslands - Háskólabókasafn hefur gefið út. Meðal bóka sem Landsbókasafn gefur út eru Passíusálmarnir en í útgáfu Landsbókasafns er að finna ljósmyndir úr handriti Passíusálmanna sem eru í varðveislu Landsbókasafns. Ríkisendurskoðun telur að taka þurfi til skoðunar hvort slík bókaútgáfa eigi að falla undir Landsbókasafn og ef svo er með hvaða hætti slík útgáfa skuli ákveðin m.a. hvernig aðkoma stjórnar Landsbókasafns skuli vera í því sambandi.

### 8.1.3 Viðskiptakröfur

Staða viðskiptakrafna í árslok nam 49,6 m.kr. í árslok 2017 samanborið við 48,3 m.kr. í árslok 2016. Þar af eru 37,7 m.kr. staða vegna útgáfu sölureikninga í Fjölni. Á árinu 2017 voru afskrifaðar 1,9 m.kr. af óinnheimtum reikningum en við afskrift reikninga var miðað við reikninga eldri en fjögurra ára sem ekki hafði tekist að innheimta.

Við útgáfu reikninga er reikningakerfið Fjölnir notað. Kerfið er komið til ára sinna og notkun miklum annmörkum háð m.a. með tilliti til rekjanleika færslna. Staða í árslok 2017 í Fjölni stemmir við stöðu í fjárhagsbókhalda en ekki reyndist unnt að fá útprentaðan eftirstöðvalista úr kerfinu. Færslur úr kerfinu eru handfærðar í fjárhagsbókhalda eftir hvern mánuð í einni tölu. Ríkisendurskoðun telur þetta fyrirkomulag með öllu óásættanlegt bæði hvað varðar rekjanleika og öryggi upplýsinga. Gera verður þá lágmarkskröfu að viðskiptakröfur og sölureikningar séu skráð á kennitölu viðskiptamanns. Mælt er til að Landsbókasafn taki til alvarlegrar skoðunar að taka upp nýtt viðskiptamannakerfi í samráði við Fjársýslu ríkisins vegna reikningaútgáfunnar. Afskriftir Landsbókasafns á árinu 2017 voru samþykktar af Ríkisendurskoðun.

### 8.1.4 Tengdir aðilar - ríkissjóður

Staða ríkissjóðs í lok árs nam 112,5 m.kr. í árslok 2017 að meðtalinni bókfærðri inneign hjá ríkissjóði vegna orlofsskuldbindingar. Inneign hjá ríkissjóði ef undan er skilin inneign vegna orlofsskuldbindingar nam 61,8 m.kr. en í lok síðasta árs var skuld Landsbókasafns við ríkissjóð 19,3 m.kr.

Eignfærsla hjá ríkissjóði vegna orlofsskuldbindinga pr. 1. janúar 2017 að fjárhæð 50,6 m.kr. er gerð samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins. Ríkisendurskoðun bendir á að á þessu stigi er ekki ljóst hvernig verður staðið að fjárveitingu til Landsbókasafns á þessari kröfu og því verður að hafa fyrirvara varðandi eignfærslu.

### 8.1.5 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður námu 152 þús. kr. í árslok 2017. Um er að ræða óuppgerðan ferðakostnað og inneign hjá ríkissjóði vegna virðisaukaskatts sem gerð var upp á árinu 2018. Ekki er búið að gera upp óuppgerðan ferðakostnað en um er að ræða ferðakostnað að fjárhæð 39 þús. kr. Bent er á að samkvæmt reglum um greiðslu ferðakostnaðar er gert ráð fyrir að frá uppgjöri sé gengið innan 30 daga frá því að ferð var farin.

### 8.1.6 Vörslufé

Vörslufé sem fært er til eignar og skuldar í bókhaldi Landsbókasafns nam 52,7 m.kr. í árslok 2017. Um er að ræða gjafafé vegna Steffensensafns sem varðveitt er á bankareikningi 43,7 m.kr. og íbúðabréf að nafnvirði 9 m.kr. Gjafafé skal ráðstafa til innkaupa tengdum læknisfræði.

Staða vörslureikninga í bókhaldi Landsbókasafns var í samræmi við staðfestingarbréf sem sent var í banka.

### 8.1.7 Handbært fé

Handbært fé nam 29,7 m.kr. í árslok 2017 og hafði hækkað um 14,9 m.kr. frá fyrra ári. Staðfestingarbréf vegna bankareikninga voru send til fjögurra viðskiptabanka og var niðurstaða á bankareikningum Landsbókasafns í samræmi við bankayfirlit svo og bankaafstemmingar sem gerðar voru í árslok 2017. Um var að ræða þrjá bankareikninga í Landsbankanum, tvo veltureikninga og einn gjaldeyrisreikning.

## 8.2 Eigið fé og skuldir

### 8.2.1 Höfuðstóll

Miðað við stöðu bókhalds fyrir árið 2017 í júlí 2018 var eigið fé í lok árs 63,3 m.kr. og hafði batnað frá fyrra ári um 33,7 m.kr. eða sem nemur tekjuafgangi ársins 2017.

### 8.2.2 Tengdir aðilar, Ríkisaðilar

Í lok árs var fyrirframgreiddur styrkur vegna tengdra aðila 23,3 m.kr. Um er að ræða styrkveitingu frá mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna tónlistarsafns sem ekki var nýtt á árinu 2017. Á árinu 2017 var gerður samningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti um rekstur og hýsingu tónlistarsafns hjá Landsbókasafni.

### 8.2.3 Viðskiptaskuldir

Staða viðskiptaskulda í árslok 2017 var 49,2 m.kr. samanborið við 17,1 m.kr. í árslok 2016. Landsbókasafn er í greiðslu- og bókhaldsþjónustu Fjársýslu ríkisins sem sér um greiðslu útistandandi viðskiptaskulda. Við endurskoðun voru greiðslur í ársbyrjun 2018 til greiðslu skammtímaskulda yfirfarnar án athugasemda.

### 8.2.4 Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir námu 59,1 m.kr. í árslok 2017 en um er að ræða orlofsskuldbindingu vegna starfsmanna alls 55,6 m.kr. og ógreidd laun vegna launaleiðréttingar alls 3,4 m.kr.

Frá og með árinu 2017 er orlofsskuldbinding gjaldfærð í rekstrarreikningum stofnana í A-hluta til samræmis við LOF. Á móti kemur skuldfærsla í efnahagsreikningi. Staðan var 55,6 m.kr. í árslok 2017 og hafði hækkað um 5,0 m.kr. frá fyrra ári. Orlofsskuldbinding er yfirfarin hjá Fjársýslu ríkisins. Ógreidd laun í árslok 2017 stafa eingöngu af leiðréttingu sem gerð var vegna afturvirkra ákvæða í kjarasamningum sem gerðir voru á árinu 2018. Um var að ræða leiðréttingu á launum ársins 2017 sem greidd var út 1. mars 2018.

### 8.2.5 Vörslufé

Vörslufé sem fært er til eignar og skuldar í bókhaldi Landsbókasafns nam 52,7 m.kr. í árslok 2017, sjá nánar umfjöllun í kafla 8.1.7.



### 8.2.6 Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda

Fyrirframgreiddar tekjur eða frestun tekjufærslu vegna fjárveitingar til fjárfestinga er nýr skuldaliður í framhaldi af þeirri breytingu samkvæmt LOF að gjaldfæra einungis afskriftir af búnaði. Fram til ársins 2017 voru kaup á eignum svo sem húsbúnaði, tækjabúnaði, tölvum og stærri eignum svo sem bifreiðum og fasteignum gjaldfærðar hjá stofnunum í A-hluta á kaupári og fjárveiting til kaupanna tekjufærð á sama ári.

Frá og með 2017 eru slík kaup eignfærð og reiknaðar árlegar afskriftir af eignunum. Þær fjárveitingar sem eru til kaupanna eru því færðar skuldamegin í efnahagsreikning að frádragnum þeim fjárheimildum sem eru færðar í rekstrarreikning á móti afskriftum.

Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda nam 48,9 m.kr. í árslok 2017 samanborið við 28,8 m.kr. í stofnefnahagsreikningi 1. janúar 2017 sem er hækkun um rúmlega 20,1 m.kr. Fjárfesting hjá Landsbókasafni í tækjum, búnaði, áhöldum og óefnislegum eignum nam 26,4 m.kr. en afskriftir ársins að fjárhæð 6,3 m.kr. koma til lækkunar.

## 8.3 Niðurstöður

Ríkisendurskoðun bendir á að bæta þarf skráningu viðskiptakrafna og sölureikninga en gera verður þá lágmarkskröfu að upplýsingar um kennitölu viðskiptamanns séu skráðar í fjárhagsbókhalda Landsbókasafns. Mælst er til, eins og fram hefur komið, að Landsbókasafn taki til alvarlegrar skoðunar að taka upp nýtt viðskiptamannakerfi í samráði við Fjársýslu ríkisins vegna reikningaútgáfu.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að vegna tafa við innleiðingu á LOF og þar með gerð stofnefnahagsreikninga hefur Fjársýsla ríkisins ekki lokið við ársreikning Landsbókasafns og tekur endurskoðunin mið af því að ekki er fyrirbyggjandi ársreikningur. Stjórnendur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, sem eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila Landsbókasafns og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna, telja reikningsskilum lokið af sinni hálfu.

## 9 Önnur atriði

### 9.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda var samþykkt og undirritað af landsbókaverði 10. júlí 2018.

### 9.2 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi, þar sem ekki kom fram lögfræðikostnaður í bókhaldi Landsbókasafns árið 2017 og samkvæmt upplýsingum landsbókavarðar, meðal annars í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi Landsbókasafn.

### 9.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni.

### 9.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni var undirrituð af ríkisendurskoðanda og landsbókaverði 27. apríl 2018.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)